

Félagslegt í desember

Fimmtudaginn 2. desember
Jólaveisla Geysis.

Félagar skrái sig fyrir 30. nóv.
 Húsið opnar kl. 17.30.
 Borðhald hefst kl. 18.30.

Fimmtudaginn 9. desember
Jólamarkaður í Geysi
 14.00-18.00

Laugardagur 11. desember
 Opið hús 11.00-15.00

Fimmtudagur 16. desember
 Ganga á Laugavegi og kaffihús
 16.00-18.00

Föstudaginn 17. desember
Litlu Jólin kl. 12.30
 Muna pakka fyrir 500 kr.

Fimmtudagur 23. desember
Skötuveisla kl. 12.30

Fimmtudagur 30. desember
 Áramótafjör 14.00 - 16.00

Húsfundur!

Húsfundur eru miðvikudaga kl. 14:30. Rétti staðurinn fyrir félagar til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
 Allir að mæta!

Ef félagar leggjast inn á sjúkrahús og hafa áhuga á að fá heimsókn frá félögum eða starfsfólki Geysis, þá vinsamlegast hafið samband við okkur í Klúbbnum Geysi.
 Okkur er mikið í mun að styðja félagar okkar sem mest og best.

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **09.30** og **13.15** þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.
Við hvetjum félagar til að mæta á fundina.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga til kl. 15.00.

Litli - Hver

12. tölublað desember 2010



Nú ganga jól í garð með tilheyrandi hátíð. Um leið og við óskum vinum og velunnurum Geysis gleðilegra jóla, viljum við minna félagar á jólaveislu Geysis sem haldin verður fimmtudaginn 2. desember. Húsið verður opnað kl. 17.30 og verðið er 1.800 á manninn. Aðgöngumiðinn gildir sem happdrættismiði, en óhætt að segja að vinningarnir hafi aldrei verið veglegri en nú. Einnig mun hljómsveit hússins, Keli og kiðlingarnir, leika undir jólasönginn. Mætum öll og gleðjumst saman í sönnum jólaanda.

 KLÚBBURINN
GEYSIR
BYGGT Á OG REKIÐ SAMKVÆMT ALÞJÓDLEGRI
 HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE

Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Facebook: Klúbburinn Geysir

Fréttir af húsfundum

Miðvikudagurinn 27. október:

Rætt um jólaveislu, jóla- styrki, jólahappdrætti og undirbúning tengdan jólum. Félagar tilbúnir til þátttöku og jóla- stemmning ágæt. Rætt um jóla- fönður sem fyrirhugað er að halda í Geysi 18. nóvember. Tóta og Elín ætla að sjá um það. Rætt var um jólakort og ákveðið að gera það í tölvu að þessu sinni og að skrif- stofudeildin ýti því úr vör. Minnt var á vorferðarfund og fjáröflun vegna hennar. Á- kveðið að fundurinn verði 28. október. Bent á að kominn væri tími til þess að endurnýja glös og leirtau í klúbbnum og nauðsynlegt að gera það fyrir jólaveisluna. Undir önnur mál var rætt um kjötsúpu á opnu húsi 30. nóvember og sagt var frá fyrirhuguðum fundi með Þórði Þórarinssyni vegna samnings við Geysi og kynningu í félags- þjónustu Kópavogs.

Miðvikudagur 3. nóvember:

Framhaldsumræða um jólaundir- búning. Framkvæmd og undirbún- ingur kominn ágætlega á veg. Rætt var um fyrirkomulag á opnum húsum á laugardögum og fimmtu- dögum. Rætt um viðmiðunarreglu- fundi og hvort ástæða sé til þess að breyta fyrirkomulaginu bæði hvað varðar tímasetningar og form. Minnt var á ferð í Listasafn Reykjavíkur í afþreyingu fimmtu- dagsins. Undir öðrum málum var

fjallað um þrifnað í húsinu og sér í lagi á klósettum. Allir hvattir til þess að bæta umgengi á náð- húsum.

Miðvikudagur 10. nóvember:

Ester sagði frá þjálfuninni í Mosaic í London. Nefndi hún ýmsar nýj- ungar sem hún taldi að nýtast mættu í Geysi. Sem dæmi skrán- ingarkerfi, nýtt matskerfi fyrir félagar sem vilja setja sér markmið og hugmyndir vegna utanumhalds um veikindi starfsmanna. Einnig sagði hún frá nýrri framkvæmdaáætlun sem gerð var í þjálfuninni og kynnt yrði á sérstökum fundum í klúbbnum. Rætt var um jólamarkað og jólaundirbúning, tilhögun hans og tímasetningar. Ákveðið að skipa jólabakstursnefnd. Rætt var um peningastuld sem átti sér stað í klúbbnum fyrir nokkru. Slíkt heyrir til algjörra undantekninga að fjár- munir eða annað hverfi í klúbbnum. Farið var yfir málsatvik og leitað að leiðum til úrbóta svo að efla megi jákvæð samskipti sem byggð eru á trausti og virðingu. Sagt var frá fyrirhugaðri ferð í skautahöllina. Einnig frá kyn- ningarfundi í Hlutverkasetri um not- endapjónustu sem norskir not- endaspekúlantar boðuðu til. Að lokum var sagt frá málþingi um notendareynslu og notenda- þjónustu fimmtudaginn 12. nóvember.



ATOM Fréttir frá atvinnu- og menntadeild

RTR í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis



Nú fer að líða að því að RTR starfið í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis losni. Í starfinu felst umsjón með kaffistofu starfsmanna, skjala- stjórn og önnur tilfallandi verkefni. Þeir félagar sem hafa áhuga á starf- inu eru hvattir til að hafa samband við Tótu eða Elínu til að fá nánari upplýsingar.

Gönguhópur

Félagar athugið breyttan tíma!



Gönguhópurinn á góðum degi

Farið er í stutta göngu á hverjum degi. Lagt af stað alla virka daga frá Geysi kl. **10.30**. Hvetjum félagar til að mæta og efla í leiðinni eigin heilsu!

Publisher námskeið

Benni verður með námskeið í Publisher á **Þriðjudögum kl. 11.15 - 12.30**. Farið verður yfir undirstöðuatriði í Publisher. Námskeiðið getur gagnast þeim sem hafa áhuga á útgáfumálum og verkefnum í skrifstofudeild s.s. Hádegisfréttum og Litla Hver. Við hvetjum félagar til að nýta þetta tækifæri!

Síðasti tími fyrir jól verður Þriðjudaginn 14. desember. Kennsla hefst eftir jólafrí Þriðjudaginn 11. janúar.

Tölvuver



Kennsla fer fram í tölvuveri alla fimmtudaga frá 11.15–12.30. Athugið breyttan tíma!

Félagar geta áfram fengið einstaklingsmiðaða aðstoð á tölvur og unnið ýmis verkefni við inn- slátt í Word, tölvupóst og lært á Internetið. Kennari: Elín.

Síðasti tími fyrir jól verður fimmtudaginn 9. desember. Kennsla hefst eftir jólafrí fimmtudaginn 13. janúar!

ATOM**Fréttir Atvinnu- og menntadeildar****Námsmaðurinn****Anna Birna í frímínútum**

Anna Birna Sigurbjörnsdóttir stundar grunnám í tölvum í fjarnámi í gegnum nemandi.is. Þetta er í fyrsta sinn sem Anna Birna stundar fjarnám. Námið leggst vel í hana og sagði hún það spennandi að prófa fjarnám í gegnum tölvur. Þrjú félagar stunda nú fjarnám í gegnum nemandi.is og hittist hópurinn einu sinni í viku í Klúbbnum Geysir þar sem hægt er að fá leiðbeiningar og aðstoð.

Ný framkvæmdaáætlun

Ný framkvæmdaáætlun fyrir árið 2011 sem unnin var í Mosaic House verður kynnt á fundi mánu- daginn 6. desember kl. 14.30. **Við hvetjum alla félaga til að mæta!**

Kynningar – og viðmiðunarreglufundir

Í hverjum mánuði er einn kynningarfundur og einn viðmiðunarreglufundur í klúbbnum Geysi. **Kynningarfundur verður þriðjudaginn 30. nóvember kl. 15.00.** **Viðmiðunarreglufundur verður þriðjudaginn 14. desember kl. 15.00.**

Markmiðssetning!**Kæri félagi!**

Ef þú veist ekki hvert þú stefnir eða hvað þú vilt gera gæti markmiðsáætlun hentað þér! Nú getur þú sem félagi í Klúbbnum Geysi valið þér stuðnings starfsmann og gert með honum markmiðsáætlun.

Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast!

Líkamsrækt í Laugum

Félagar í Klúbbnum Geysi fá afslátt af líkamsrækt í Laugum. Hafið í huga að tilkynna þarf þátttöku í Laugum til Esterar.

Morgunfundir

Morgunfundir eru alla morgna og hefjast klukkan 09.00.

Munið frían morgunmat

frá kl. 08.00 til 09.30

Allir að mæta!

**Jólaveisla Geysis verður haldin 2. desember**

Jólaveisla Geysis verður haldin 2. desember. Að vanda verður í boði flott jólastemning. Hljómsveitin Keli og kiðlingarnir mun leika undir með jólasöngvunum, auk þess sem dýrindis hamborgarahryggur verður reiddur fram. Rétt er að minna á að aðgöngumiðinn gildir einnig sem happdrættismiði þar sem fjöldi magnaðra vinninga verður í boði. Félagar eru hvattir til að skrá sig fyrir 30. nóvember. Húsið opnar kl. 17.30. Aðgangseyrir er 1.800 krónur. Frítt er fyrir börn yngri en 12 ára. Borðhald hefst kl. 18.30. Mætum öll og njótum jólastemningarinnar saman.

**Litlu Jólin 17. desember**

Litlu jólin verða í Geysi föstudaginn 17. desember.

Hangikjöt með öllu tilheyrandi verður í matinn og kosta herlegheitinn litlar 1.200 krónur. Félagar eru hvattir til að koma með pakka að andvirði 500 kr. sem lagðir eru í sameiginlegt púkk og útteilt til félaga eins og undanfarin ár. Við lesum jólakort, fáum okkur að borða og skiptumst á pökkum. Félagar eru hvattir til að mæta og eiga notalega stund í Geysi.

**Jólamarkaður í Geysi 9. desember**

Árlegur jólamarkaður Geysis verður haldinn í klúbbnum fimmtudaginn 9. desember frá klukkan 14.00 til 18.00. Á markaðnum verður til sölu fjölbreytt handverk félaga, kryddbrauð og sultur, auk þess sem smákökur af ýmsu tagi verða á boðstólum. Allur ágóði af sölunni rennur til eld- húsdeildar.



Stjórnarfundur 23. nóvember



Stjórnarfundur var haldinn í Geysi þriðjudaginn 23. nóvember. Mörg mál voru á dagskrá fundarins. Þar á meðal sagði Ester framkvæmdastjóri frá þjálfun í Mosaic Clubhouse og ferð á Evrópuráðstefnu ICCD í Austurríki. Góð umræða var einnig um að auka virkni stjórnarinnar og ýmissa verkefna sem framundan eru til þess að styrkja klúbbinn og starfsemina.



Tommi og vörubíllinn

Þennan vörubíl hefur Tómas Tómasson félagi í Geysi smíðað af mikilli natni og elju. Glæsilegur bíll og smiðnum til sóma.

Vel sóttur fyrirlestur



Fyrirlestur Ing- Ingrid Kulhman frá Þekkingarmiðlun ehf. um farsælar lausnir í ágreiningsmálum var haldinn í Geysi þriðjudaginn 22. nóvember. Fyrirlesturinn var vel sóttur, enda Ingrid þekkt fyrir skemmtilega og lifandi framsetningu. Myndin að ofan sýnir nokkra áhugasama þátttakendur ræða við Ingrid.

Breytt fyrirkomulag laugardagsopnana

Á húsfundi miðvikudaginn 29. september var ákveðið að hafa opið tvo laugardaga í mánuði í stað þess að hafa opið alla laugardaga, eins og verið hefur undanfarna sjö mánuði. Ákveðið var að prófa þessa tilhögun til 1. febrúar 2011, en þá skal endurskoða þessa ákvörðun. Ýmis rök voru fyrir breyttu fyrirkomulagi laugardags-



opnana. Má þar á meðal nefna litla mætingu, frí starfsfólks vegna vinnu á laugardögum og öryggismál félaga og starfsmanna.

Opið verður laugardaginn 11. desember.

Sjá nánar á baksíðu Litla hvers í dálkinum um félagslega dagskrá í desember.

hélt því staðfastlega fram að hún væri vita laglaus og kaus því að flytja þagnirnar í verkinu.

Um tíuleytið var hellt upp á kaffi og ekta súkkulaði með rjóma. Með því voru svo jóla-smákökur og oft ein súkkulaðikaka líka, svona ef einhver skyldi enn vera svangur. Upp úr ellefu fór svo frændfólkið, enda söng móðurbróðir minn í kirkjukórnum og varð að mæta í miðnæturmessu. Það allra besta var svo að það mátti lesa alla jólanóttina...

Ester Auður Elíasdóttir

Gaman var að vera í félagsskap félaga og starfsmanna

Þjálfun í Mosaic Clubhouse

Við vorum þrjú í góðum félagsskap og meðal vina í Mosaic í Lundúnum. Ester Auður Elíasdóttir, nýr framkvæmdastjóri, Sigríður Gísladóttir, starfsmaður, og Kjartan Emil Sigurðsson, félagi í Klúbbnum Geysi, fóru saman í téða ferð. Við komum til Lundúna á laugardegi áður en þjálfunin hófst á mánudeginum þar á eftir. Daginn eftir vorum við þess heiðurs aðnjótandi að fara í Kew garðinn sem er paradís garðyrkjumannsins. Sigga vissi mýmargt um það sem bar fyrir augu en við Ester nutum góðs af þekkingu Siggú á hinum ýmsu trjátegundum. Í Kew garðinum eru hitabeltistré og runnar af ýmsu tagi og raunar trjágróður alls staðar að úr heiminum. Um kvöldið hittum við Skotana sem við vorum í samneyti við á meðan á dvöl okkar stóð næstu þrjár vikur.

Á mánudeginum hófst eiginleg dagskrá þjálfunar með fundi þá um morguninn. Við skiptum okkur í deildir og varð úr að við þrjú róteruðum á milli ólíkra deilda þær þrjár vikur sem framundan voru. Í Mennta- og atvinnudeild



fór fram flest starfsemi sem laut að skrifstofunni og hjá Klúbbnum Geysi er unnið í skrifstofudeild. Í skrifstofudeildinni er hins vegar móttaka og ýmislegt sem tengist henni. Í hliðarherbergi við móttökuna er aðstaða til að sinna frístundum svo sem að vafra á netinu og lestur bóka. Í deild sem kennd er við „HHH“ er viðhaldsdeild, húsvörsla og garðyrkja, enda er mjög stór garður fyrir utan húsið. Síðan er eldhúsideild. Sigga byrjaði í eldhúsinu en færði sig síðan þaðan í aðrar deildir. Ester róteraði mjög mikið og var í ólíkum deildum. Kjartan Emil var mest í Menntunar- og atvinnudeild.

Okkur fannst mikið koma til þess hversu vel Mosaic vann að því að ná til félaga úti í bæ. Það var sérstakur gagnagrunnur notaður og auk þess var mappa með nöfnum, sínum og áhugasviðum hvers einstaklings sem reynt var að ná til. Annað fannst okkur mikið til koma sem var markmiðssetning Mosaic sem er mjög hnitmiðuð og fagleg. Þess utan var lærdómsríkt að skiptast á skoðunum við Skotana - vini okkar - sem dvöldu þarna á sama tíma og voru þar í þjálfun. Við höfðum mikið samneyti við Skotana og fór hver eftirmiðdagur í fund um tiltekið efni ásamt starfsmanni og félögum í Mosaic.

Kjartan Emil Sigurðsson

Æskujólin mín

Pótt við mættum lúra frameftir á aðfangadag, var ekki nokkur leið að halda okkur trútlunum í bólinu. Eldsnemma vorum við farnar að snudda í kringum foreldrana og athuga hvort ekki væri hægt að þoka þessari blessuðu jólabíð eitthvað áleiðis. Mamma þurfti nú til vinnu á Borgarspítalanum, þar sem hún var læknir, svo hún var farin fljótlega eftir fótaferðatíma. En alltaf vorum við búnar að finna vænan súkkulaðimola í skónum okkar og einn lítinn pakka fengum við að taka upp til að stytta okkur biðina. Morguninn var óralengi að líða en þegar mamma kom heim,



Ester fyrir miðri mynd ásamt Huldu Ósk, Tótu Ósk, Gunnari Hreini og Önnu Helgu

á hádegi, var farið í kirkjugarðinn til að leggja greinakross og kerti á leiði afa og ömmu. Mamma var svo lánsóm að geta ávallt fengið frí á aðfangadagskvöld en tók í staðinn áramót og/eða páska. En oft hafði hún verið á vakt rétt fyrir jól svo að sú hefð komst á að hafa kaldan mat á aðfangadag, svo hægt væri að undirbúa hann fyrirfram og engin sósustreita væri að hrella okkur. Klukkan tæplega fimm borðuðum við því kalt hangikjöt, kartöflusalat, sem pabbi gerði af mikilli list, flatkökur og stundum laufabrauð, ef okkur hafði áskotnast það. Í eftirrétt var síðan möndlugrautur með rjóma. Hálfsex tygjuðum við systurnar okkur í kirkju ásamt mömmu. Við bjuggum rétt hjá Kópavogskirkju svo að þangað héldum við fótgangandi til að hringja inn jólin. Pabbi er gyðingur, svo að hann var heima á meðan til að ganga frá eftir matinn og gera jólaclárt. Þrátt fyrir að vera ekki kristinn, átti hann stóran þátt í að

Þrátt fyrir að vera ekki kristinn, átti hann stóran þátt í að halda jólin hátíðleg og flestar jólaminningar mínar eru ekki síður tengdar honum en öðrum í fjölskyldunni.

halda jólin hátíðleg og flestar jólaminningar mínar eru ekki síður tengdar honum en öðrum í fjölskyldunni. Þegar við komum heim úr kirkjunni, í samfylgd móðurbróður míns og fjölskyldu hans, var pabbi búinn að kveikja á kertum um allt hús, setja undurfallega klassíska tónlist á plötuspilarann og raða ávöxtum, hnetum, súkkulaði og döðlum á stóran bakka sem við systurnar bárum inn í stofu með mikilli viðhöfn. Eins ólíklega og það kann að hljóma var aldrei neinn æsingur í að komast í jólagjafirnar. Andrúmsloftið var bara svo yndislegt að við vildum halda í það sem lengst. Yfirleitt var farið að kíkja undir tréð um átta-leytið og þar kenndi margra grasa. Ánægðust var ég ef ég fékk stóran, stóran bókastafla og ófáar jólamyndir eru af mér með nefið ofan í bók. Mamma fékk alltaf lítið tónverk frá pabba sem við feðginin fluttum í sameiningu; hann á flygilinn, systir mín á söngródd sína og ég á fiðluna. Mamma

Evrópuráðstefna ICCD í Austurríki 14. - 17. nóvember.



Þann 14. nóvember fóru þau Ester Auður Elíasdóttir og Gunnar Hreinn Sigmundsson á elleftu Evrópuráðstefnu klúbbhúsa í Wesenufer í Austurríki.

Við lögðum af stað á Evrópuráðstefnu klúbbhúsa í Wesenufer eldsnemma til Austurríkis á sunnudagsmorgni. Þegar við komum þangað vorum við boðin velkomin. Þar var margt skemmtilegt fólk. Eftir að búið var að bjóða okkur velkomin fórum við á hótelið



Frá umræðum á ráðstefnunni

okkar sem var í Passau sem er við landamæri Austurríkis og Þýskalands.

Morguninn eftir tók alvaran við. Við fengum okkur morgunmat á hótelinu og fórum svo til Wesenufer. Ráðstefnan hófst í stórum sal þar sem allir voru saman. Eftir það skiptist hópurinn og við fórum í minni vinnuhópa. Fyrsti vinnuhópurinn okkar Esterar bar heitið Recovery in Clubhouse (bati í klúbbnum), þar sem ég var með stutta kynningu á mínum bata og þátttöku í Klúbbnum Geysi. Svo eftir hádegi var annar vinnuhópur. Eftir langan og strangan dag fórum við upp á hótél. Þar var okkur boðið upp á matarhlaðborð og var dans stiginn á eftir.

Seinni dagurinn byrjaði ósköp svipað. Við fórum í morgunmat á hótelinu, keyrðum yfir til Wesenufer og tókum þátt í vinnuhópum á ráðstefnunni. Þennan dag stóð mér til boða að skoða klúbbhúsið í Linz. Það var gaman. Þegar því var lokið fórum við upp á hótél og klæddum okkur í fín föt og fórum svo strax aftur til Wesenufer og fórum á galakvöld. Það var líka gaman. Enduðum svo á hóteli í Frankfurt, borðuðum góðan mat, hvíldum okkur yfir nóttina og flugum svo heim. Takk fyrir

Höfundur: Gunnar Hreinn

Barnabókin **Litlar sögur** í þýðingu Sigrúnar Jóhannsdóttur eru seldar í sjoppu Klúbbsins Geysis og kosta kr. 1.500. Allur ágóði af sölu bókarinnar rennur til styrktar klúbbnum Geysi.





Desember 2010



Ganga kl. 10.30 alla daga vikunnar — Morgunfundur alla daga kl. 09.00 og ókeypis morgunmatur — Deildarfundir alla daga kl. 09.30 og 13.15

Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
29 Pasta í skinkurjóma Skreyta fyrir jólin	30 Saltfiskur Starfsmannafundur kl. 10.00 Publisher 11.15	1 Grjónagrautur og slátur Húsfundur 14.30	2 Pylsur Matseðilsfundur 10.00 Tölvuver 11.15 Jólaveisla 17.30 til 22.00	3 Hlaðborð frá 2. des	4 LOKAÐ
6 Bakaðar kartöflur með beikoni, sýrdum rjóma og fleiru. Gestakokkur Ester	7 Hakkbollur með sósu Starfsmannafundur kl. 10.00 Publisher 11.15	8 Steiktur fiskur Húsfundur 14.30	9 Hlaðborð Matseðilsfundur 10.00 Tölvuver 11.15	10 Grísahnakkar í raspi	11 Opið hús 11.00 til 15.00
13 Eggjakaka	14 Gratínaður fiskur að hætti Hábeins heppna Starfsmannafundur kl. 10.00 Publisher 11.15	15 Spaghetti bolognese Húsfundur 14.30	16 Hlaðborð Matseðilsfundur 10.00	17 Hangikjötsveisla Litlu jólin	18 LOKAÐ
20 Blómkálssúpa, salat og brauð	21 Pizzur Starfsmannafundur kl. 10.00	22 Indverskur karrýkjúlingur Gestakokkur Anna Birna Húsfundur 14.30	23 Skötuveisla Matseðilsfundur 10.00 Opið hús 16.00 til 20.00	24 LOKAÐ	25 LOKAÐ
27 Súpa og brauð	28 Soðin ýsa, hamsar, rófur og kartöflur Starfsmannafundur kl. 10.00	29 Kjöthleifur á la Snorri Húsfundur 14.30	30 Hlaðborð Matseðilsfundur 10.00	31 LOKAÐ	1 LOKAÐ